

Starfslýsing umsjónarmanns í Regnbogalandi

Næsti yfirmaður: Stjórnendur

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark 25 ára og/eða háskólapróf
- Áhugi á að vinna með börnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvulæsi
- Stundvísi



Ábyrgðasvið: Er umsjónarmaður Regnbogalands og hefur forgöngu um að skipuleggja starfið í samstarfi við annað starfsfólk. Megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda

Helstu verkefni:

- Heldur utan um samskipti við Tónlistaskóla, Snæfell og annað tómstundastarf
- Er í samskiptum við foreldra og forráðamenn varðandi tilkynningar sem hafa áhrif á dagsskipulag nemandans
- Sér um matarinnkaup fyrir Regnbogaland
- Sér til þess að leikföng og búnaður séu til staðar í Regnbogalandi og endurnýja það sem þarf í samráði við stjórnendur
- Sér um frágang eftir vetrarstarfið s.s. að eðlilegt viðhald fari fram á búnaði.
- Situr teymisfundi og starfsmannafundi og sér um að upplýsa annað starfsfólk í Regnbogalandi um það sem við á
- Tekur þátt í uppeldis – og umsjónarstarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skólans
- Við lokun:
 - Fáir Regnbogaland lánuð rými sér sá sem lokar að því sé skilað eins og komið var að því, þ.e. gengur frá munum, lokar gluggum og slekkur ljós
 - Skúrað gólf í fataklefa í lok dags, sturtar niður í klósettum og tekur upp pappír inni á klósettum
 - Fer út með rusl sem til hefur fallið í Regnbogalandi.

Allir starfsmenn Grunnskólans í Stykkishólmi eru bundnir trúnaði um hvert það mál sem þeir kunna að verða áskynja í starfi, þagnareiðurinn gildir eftir starfslok. Þeim ber að taka þátt í uppeldisstarfi skólans þar sem megin áhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Þeir skulu vera viðbúnir til að veita fyrstu hjálp ef slys eða óhapp ber að höndum. Þeir skulu starfa í anda Uppeldis til ábyrgðar, eftir jafnréttisstefnu skólans, tilkynna grun um einelti eða barnaverndarmál eftir þar til gerðum leiðum og fylgja öryggisstefnu skólans varðandi persónuverndarlögin.